

Uppeldi til ábyrgðar í Víkurskóla Lokaskýrsla 2024-2025



Uppeldi til ábyrgðar

Fjóla Karlsdóttir
Ingimundur Guðmundsson
Viktoría Júlía Hauksdóttir
Yrsa Rós Brynjudóttir

A. Tilgangur skýrslunnar

Markmið skýrslunnar er að gefa ítarlega grein fyrir frammistöðu teymisins okkar fyrir skólaárið 2024-2025, þar sem gerð er grein fyrir árangri okkar eða skort þar á, framkvæmdum og markmiðum fyrir komandi skólaár.

B. Hvað er Uppeldi til ábyrgðar?

Hugmyndafræði Uppeldi til ábyrgðar byggist á því að einstaklingurinn geti tekið sjálfstæðar, siðferðilegar ákvarðanir varðandi eigin hegðun þegar hann er laus undan skömmum, hótunum, sektarkennd eða væntingum og loforðum um umbun og að hann fái tækifæri til að meta lífsgildi sín. Markmiðið er að styrkja einstaklinginn í að vera sá sem hann vill vera með hliðsjón af eigin sannfæringu frekar en að stjórna út frá geðþóttá annarra.

C. Mikilvægi uppeldis til ábyrgðar í menntun

Stefna Uppeldi til ábyrgðar hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Uppeldi til ábyrgðar stuðlar að jákvæðum samskiptum, hvetur til sjálfstæðrar hugsunar og þroskar jákvætt gildismat. Treyst er á hæfileikann til sjálfstjórnar og að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist rétt við aðstæðum. Uppeldi til ábyrgðar hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Aðferðin nýtist við bekkjarstjórnun þar sem allir fá að vaxa og njóta sín. Þetta er aðferð í samskiptum og aðferð við að ná jafnvægi og innri styrk eftir að hafa beitt samferðamenn sína rangindum eða lent upp á kant við þá. Leitast er við að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum. Spurt er bæði hvernig við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við samferðamenn.

D. Markmið okkar fyrir skólaárið 2024-2025

Koma á samfellu í kennslu á UTÁ á milli árganga; hvað á að taka fyrir í 8. bekk, 9. bekk og 10. bekk? Fræða kennara Víkurskóla um UTÁ og koma á sameiginlegri sýn.

E. Mat á vetrinum

Samstarf gekk glimrandi vel, allir meðlimir voru áhugasamir um uppeldi til ábyrgðar. Teymið hittist reglulega og við vorum með fjögur erindi á kennarafundum/starfsdegi. Fjóla, ásamt Renate og Markús, fóru á framhaldsnámskeið hjá Rebecca Gray sem FK kynnti svo fyrir

öðrum teymisfélögum. Þörf hefði verið á að senda alla teymisfélaga UTÁ á námskeiðið. Úr því sem FK lærði á framhaldsnámskeiðinu varð kynning og fræðsla fyrir kennara Víkurskóla. Einnig nýttum við efnið til að setja upp áherslur og markmið tengt kennslu á UTÁ í Lífsleikni fyrir umsjónarkennara. Kynningar og efnistöð voru:

1. Kennarafundur 7. október, farið yfir stöðuna og áherslur fyrir komandi vetur, veggur UTÁ uppfærður
2. Kennarafundur 20. janúar, hundar/kettir/apar/ljón (RB og MKT tóku þátt)
3. Starfsdagur 6. febrúar, kennarar útbjuggu platta
4. Kennarafundur 31. mars, hvernig skóla viljum við ekki? Verkefni lagt fyrir í 10. bekk.

F. Næstu skref

- Áframhaldandi vinna með samfellu fyrir árgangana í Uppeldi til ábyrgðar
- Sameiginlegt átak þegar þurfa þykir (t.d. í upphafi skólaárs með bekkjarsáttmála)
- Koma á reglulegum bekkjarfundum hjá öllum umsjónarhópum
- Endurskoða aftur efni á Drive, flokka og sameina eða endurnýja, uppfæra UTÁ vegginn oftár

Takk fyrir samstarfið og gleðilegt sumar 😊

Tenglar á glærupakka frá kennarafundum:

https://docs.google.com/presentation/d/1aR28mbzQfiFs6N9u8UlnQf5asTkW_pcL4u7cwGXJo-Q/edit?slide=id.g4dfce81f19_0_45#slide=id.g4dfce81f19_0_45

<https://docs.google.com/presentation/d/11VfZu--A-7z0zf7WycshQw1j5BLsOQTSyLv9soWypyk/edit?slide=id.p#slide=id.p>

https://docs.google.com/presentation/d/1z0nM2LeHiZUcK8eaKPv1pvy7CijVUtYWXInV_AljcOU/edit?slide=id.p#slide=id.p